

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 322/2023

frá 8. desember 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1622 frá 17. maí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um nýja markaði og þróuð hagkerfi ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 171, 6.7.2023, bls. 41.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 14azzm (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/157) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azzn. **32022 R 1622**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1622 frá 17. maí 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um nýja markaði og þróuð hagkerfi (Stjtið. ESB L 244, 21.9.2022, bls. 3), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 171, 6.7.2023, bls. 41.“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/1622, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 171, 6.7.2023, bls. 41, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 244, 21.9.2022, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

ÓOPINBER ÞÝÐING